

Skattavakt PwC

Fréttabréf Skatta- og lögfræðisviðs

Ágúst 2008 – 8. tölublað

1. Úrskurður yfirsattaneftndar nr. 83/2008

Í úrskurðinum var deilt um skattalega meðferð á leigðu aflamarki í skattskilum kæranda gjaldárin 2001-2005. Í úrskurðinum kemur fram að kærandi gjaldfærði kostnað vegna leigu á aflamarki að öllu leyti á því ári sem leigan átti sér stað. Skattstjóri kvað upp úrskurð þess efnis að slík gjaldfærsla hefði verið óheimil, enda hefði kæranda borið að eignfæra kostnað vegna þess hluta hins leigða aflamarks sem ónýttur var við áramót. Skattstjóri byggði breytingar sínar á gjaldfærslum og eignfærslum í skattskilum kæranda á því hversu mikill hluti keypts aflamarks á tímabilinu 1. sept. til 31 des. viðkomandi rekstrarár hefði verið óveiddur í hendi kæranda um hver áramót.

Yfirsattaneftnd staðfesti úrskurð skattstjóra og vísaði m.a. til 1. mgr. 14. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga og álits FLE frá 26 ágúst 1991, um bókun kvóta í reikningsskilum. Í álitinu kemur að gjaldfæra skuli kaupverð kvóta sem keyptur er til eins árs á því reikningstímabili sem hann tilheyrir. Kvóta, sem keyptur er síðla árs og er einnig ætlaður til nota á veiðitímabili eftir áramót, verði hins vegar að færa hlutfallslega til gjalda á tvö reikningstímabil.

2. Skattaleg heimilisfesti. Breyting á reglugerð um réttindi og skyldur þeirra sem dveljast erlendis við nám

Með skattalegri heimilisfesti eru námsmanni tryggð réttindi til að vera skattlagður eins og hann hefði verið heimilisfastur hér á landi allt árið. Þetta þýðir að við skattlagningu er tekið tillit til þess skattafsláttar og bóta sem hann ætti rétt á ef lögheimili hans hefði verið hér á landi. Tekjur og eignir erlendis hafa áhrif á skattlagninguna og barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis koma til lækkunar á barnabótum hér á landi.

Um þetta viðfangsefni er fjallað í reglugerð nr. 648/1995.

Þann 1. júlí 2008 tóku gildi breytingar á reglugerð nr. 648/1995, um réttindi og skyldur manna, sem dveljast erlendis við nám, samkvæmt ákvæðum laga um opinber gjöld. Meginbreytingarnar eru fólgnar í því að nám í skilningi reglugerðarinnar verður að hefjast innan þriggja mánaða frá flutningi til útlanda svo námsmaður geti fengið skattalega heimilisfesti á Íslandi. Þá hefur lýðháskólum verið bætt við upptalningu þeirra skóla sem ekki falla undir reglurnar. Námsmenn í lýðháskólum erlendis geta því ekki fengið skattalegt heimilisfesti á Íslandi samkvæmt reglugerðinni. Að öðru leyti eru reglurnar óbreyttar.

Efnisyfirlit:

1. Úrskurður YSKN 83/2008

Í úrskurðinum er deilt um hvort gjaldfæra megi kostnað vegna leigu á aflamarki að öllu leyti á því ári sem leigan á sér stað. Yfirsattaneftnd kemst að þeirri niðurstöðu að kvóta, sem keyptur er síðla árs og er einnig ætlaður til nota á veiðitímabili eftir áramót, verði að færa hlutfallslega til gjalda á tvö reikningstímabil.

2. Breyting á reglugerð um réttindi og skyldur þeirra sem dveljast erlendis við nám

Hér er gerð grein fyrir breytingum sem gerðar hafa verið á reglum varðandi möguleika þeirra einstaklinga sem leggja stund á nám erlendis til að halda skattalegri heimilisfesti hér á landi á meðan námi stendur.

3. Tvísköttunarsamningar

Tvísköttunarviðræður við Katar og Albaníu eru nýverið hafnar.

Í Bandaríkjunum hafa verið gefnar út skýringar með tvísköttunarsamningi milli Íslands og USA.

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 550 5300 • Fax 550 5302
pwc.reykjavik@is.pwc.com

3. Tvísköttunarsamningar

Í vefriti fjármálaráðuneytisins, dags. 21. ágúst 2008, kemur fram að nýverið var haldinn í Reykjavík fyrsti fundur samninganefnda Íslands og Katar um gerð tvísköttunar-samnings milli landanna.

Ennfremur kemur fram að samningaviðræður Íslands við Albaníu um gerð tvísköttunar-samnings muni hefjast hér á landi í byrjun október næstkomandi.

Þann 23. október sl. var undirritaður nýr tvísköttunarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna. Fullgildingarferli samningsins er ekki lokið í ríkjunum tveimur sem standa að samningnum. Nú nýverið skiluðu fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna og þingnefnd um skattamál skýringartexta um samninginn og hefur hann verið birtur á netinu. Slóð inn á skýringartextann má m.a. finna hér: <http://www.ustreas.gov/press/releases/reports/teiceland08.pdf>

Skatta-og lögfræðisvið PricewaterhouseCoopers

Við hjá Skatta- og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

Alþjóðlega skattaráðgjöf ● Milliverðlagningu („Transfer pricing“) ● Skattlagningu rekstraraðila ● Skattlagningu einstaklinga
Virðisaukaskatt ● Félagarétt ● Samruna, skiptingar og yfirtökur

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitaefni sem skapast innanlands sem og erlendis.

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina þá er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ritstjóri: Ásta Kristjánsdóttir, Ráðgjafi / lögfræðingur + 354 550 5352 asta.kristjansdottir@is.pwc.com

Ábyrgðarmaður: Elín Árnadóttir, Sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs +354 550 5322 elin.arnadottir@is.pwc.com

Þessi samantekt felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að aðhafast samkvæmt þessu vefriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu vefriti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2008 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. "PricewaterhouseCoopers" vísar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstæðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einigar.

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 550 5300 • Fax 550 5302
pwc.reykjavik@is.pwc.com